

Skólaráð Ísaksskóla

FUNDARGERÐ

Dagsetning / Tími:	Þriðjudagur, 29. nóvember 2011, 8:40 – 09:30
Staður:	Kaffistofa, Ísaksskóli

Mætt: Ísabella, Benedikt, Sigríður Anna, Maggý og Þóra Elísabet

Dagskrá fundar:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Fjármál skólans
3. Samræmd próf 2011
4. Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins
5. Önnur mál

1. Fundargerð síðasta fundar

2. Fjármál skólans

- Sigríður Anna fór yfir fjármálastöðu skólans og ræddi um hvernig hún væri að reyna að nálgast húsnæðistyrk með 5 ára börnum búsettum í Reykjavík. Hún er að vinna í því að fá leikskólaleyfi. Launanefnd kennara vill gera nýjan samning og Sigríður og Páll í Skólanefnd munu funda með launanefnd.

3. Samræmd próf 2011

- Ísaksskóli kemur mjög vel út miðað við landsmeðaltal. Nemendur okkar eru með hæstu meðaleinkunn í íslensku yfir allt landið, þriðja árið í röð. Í stærðfræði eru þeir með hæstu meðaleinkunn í Reykjavík og nágrenni Reykjavíkur og í öðru sæti yfir landið allt. Þetta er glæsilegur árangur.
- Sigríður talar um að auka áherslur í skólastarfi og bjóða upp á rómanskt mál eins og t.d. spænsku.

4. Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins

- Fjallað um hvaða þætti Ísaksskóli hefur unnið með t.d. eineltisáætlun sem var unnin af starfsfólki skólans og samstarf við Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða.

5. Önnur mál

- Breytingar í 6 ára bekk. Ingibjörg Ýr er að fara í ótímabundið veikindaleyfi. Líklega verður bekknum hennar stokkað upp.

Fundi slitið